



## Félagsbréf Samlífs

Desember 2017

### Aðalfundur Samlífs

Boðað er til aðalfundar Samlífs, samtaka líffræðikennara

laugardaginn **13. janúar 2017 kl. 12:00** í Alvar Aalto, Norræna húsinu.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar Samlífs fyrir árið 2017.
3. Reikningar Samlífs fyrir árið 2017.
4. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.
5. Önnur mál.
6. Matur.
7. Fræðsluerindi: Kerfislíffræði – grunnrannsóknir í efnaskiptum.  
Dr. Óttar Rolfsson.
8. Fundarslit.

Vegna veitinga er mikilvægt að skrá sig með því að senda póst á Samlíf, [liffraedikennarar@gmail.com](mailto:liffraedikennarar@gmail.com), fyrir **10. janúar**.

### Grunnrannsóknir í efnaskiptum með háhraða massagreiningu

Ágrip af erindi Dr. Óttars Rolfssonar sem hann mun flytja á aðalfundi Samlífs.

Efnaskipti eru þau efnahvörf sem nauðsynleg eru fyrir niðurbrot og nýmyndun lífefna í lífverum. Ein forsenda þess að lífvera geti talist vera lífandi er að hún hafi virk efnaskipti. Í fólki eru breytt efnaskipti orsök og/eða afleiðing langflestra sjúkdóma og geta þessar breytingar stafað af umhverfis- sem og erfðabáttum. Efnaskiptarannsóknir eru stundaðar með það að markmiði að auðkenna lífmörk og lyfjamörk sem nýst geta við greiningu og meðferð sjúkdóma. Aukin þekking á efnaskiptum og sameindalíffræðilegum forsendum þeirra er mikilvægur þáttur í læknisfræði. Í þessum fyrirlestri verður stiklað á stóru í þróun og notkun háhraða efnagreiningaraðferða við grunnrannsóknir á efnaskiptum í blóðfrumum í þeim tilgangi að auðkenna ný lífefni og lífefnaferla. Að auki verður greint frá notkun reiknilíkana við úrvinnslu á efnaskiptagögnum og hvernig þau geta nýst við sjúkdómsgreiningu.

### Sumarnámskeið 2018 – erfðamengi íslenskra tegunda

Sumarnámskeið Samlífs í ár er tileinkað erfðamengi og verður haldið dagana 4. – 6. júní, á höfuðborgarsvæðinu. Meðal kennara verða meðal annars Dr. Arnar Pálsson, Dr. Kristinn Pétur Magnússon, Dr. Snæbjörn Pálsson og Dr. Sigríður Rut Franzdóttir. Nánari dagskrá verður send út í vor.

Námskeiðsgjald (staðfestingargjald) verður 5.000 kr. og innifalið auk fyrirlestra eru veitingar í kaffihléum og hádegisverður alla dagana. Umsóknarfrestur vegna skráningar: **15. maí 2018**. Skráning fer fram á vef Rannís.

Umsjónarmaður/tengiliður: Hólmfríður Sigþórsdóttir ([holmfridur@flensborg.is](mailto:holmfridur@flensborg.is))

Samlíf – Samtök líffræðikennara  
Kennarahúsinu, Laufásvegi 81, 101 RVK.  
Netfang: [liffraedikennarar@gmail.com](mailto:liffraedikennarar@gmail.com)  
Heimasíða: [www.lifkennari.is](http://www.lifkennari.is)  
<https://www.facebook.com/groups/samlif/>  
Ábm. félagsbréfs: Hólmfríður Sigþórsdóttir.